

STEFNA KNATTSPYRNUFÉLAGS ÍA



Skipulag og markmið

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| STEFNA KNATTSPYRNUFÉLAGS ÍA..... | 2 |
| INNGANGUR..... | 3 |
| FÉLAGSGILDI | 4 |
| KNATTSPYRNULEG MARKMIÐ..... | 5 |
| ÞJÁLFUNARLEG MARKMIÐ YNGRI FLOKKA | 7 |
| 6 ára og yngri – 8. flokkur..... | 7 |
| 8 ára og yngri – 7. flokkur..... | 8 |
| 8–10 ára – 6. flokkur..... | 8 |
| 11–12 ára – 5. flokkur..... | 9 |
| 13–14 ára – 4. flokkur..... | 9 |
| 15–16 ára – 3. flokkur..... | 10 |
| 17–19 ára – 2. flokkur..... | 11 |
| AFREKSPJÁLFUN..... | 13 |
| Markmið afreksþjálfunar..... | 13 |
| Afreksþjálfun 14–16 ára..... | 13 |
| Afreksþjálfun 16 ára og eldri | 13 |
| FORELDRASTARF | 15 |
| HLUTVERK FORELDRARÁÐA..... | 16 |
| STARFSLÝSINGAR | 17 |
| Starfslýsing yfirþjálfara..... | 17 |
| Starfslýsing þjálfara afrekssviðs..... | 17 |
| Starfslýsing þjálfara yngri flokka | 18 |
| Starfslýsing framkvæmdastjóra..... | 18 |
| Starfslýsing skrifstofumanns | 19 |

STEFNA KNATTSPYRNUFÉLAGS ÍA

Knattspyrnufélag ÍA er ávallt í fremstu röð knattspyrnuliða á Íslandi.

Í þessu felst að félagið ætlar sér að verða í fararbroddi í þjálfun og fræðslu leikmanna, hvort sem um er að ræða yngri iðkendur eða leikmenn í meistaraflokkum félagsins.

Knattspyrnufélagið ætlar að leggja metnað sinn í að byggja upp öflugt knattspyrnufólk og að sama skapi sterka og heilbrigða einstaklinga.

Félagið ætlar að keppa í efstu deild í meistaraflokki í karla og kvenna.

Félagið ætlar sér að keppa í efsta riðli Íslandsmótsins í öllum flokkum afrekssviðs.

KFÍA ætlar sér að leggja sama metnað og fagmennsku í allt starf karla og kvennaflokka.

Félagið ætlar að bjóða afreksþjálfun til framúrskarandi iðkenda, frá 14 ára aldri til að ala upp öflugum leikmönnum fyrir afrekshóp félagsins.

Heimamenn eru kjarninn í leikmannahópi meistaraflokks og því ætlar félagið að bjóða ungu knattspyrnufólki á Akranesi upp á þjálfun og umgjörð sem skilar félaginu öflugum leikmönnum sem og einstaklingum. Félagið ætlar að leggja áhersla á uppeldis og félagslegt hlutverk félagsins. Allir yngri iðkendur fá verkefni við hæfi og njóta þess að æfa og spila knattspyrnu og haldast þannig í íþróttum. Leikgleði komi fram hjá iðkendum.

Foreldrar styðja við knattspyrnuíðkun á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þeir styðja starf félagsins með þátttöku í foreldraráðum og í sjálfboðaliðastarfi.

Félagið nýtur stuðnings frá stuðningsfólki af öllu landinu sem það metur mikils. Félagið ræktar sambandið við þessa stuðningsmenn með heimsóknunum.

INNGANGUR

Allt frá því að Akurnesingar unnu Íslandsmótið fyrstir liða utan Reykjavíkur árið 1951, þá hefur krafa félagsmanna og metnaður ávallt staðið til þess að vinna öll mót sem félagið tekur þátt í. Þessi vilji hefur alltaf staðið óhaggaður þrátt fyrir að á tímum hafi á móti blásið. Frá árinu 1951 er ÍA sigursælasta knattspyrnulið á Íslandi og hefur ekkert lið orðið Íslandsmeistari oftár á þessu tímabili. Félagið hefur 18 sinnum orðið Íslandsmeistari, 8 sinnum bikarmeistari og hefur leikið liðlega 70 leiki í Evrópukeppnum. Ekkert félag á Íslandi hefur alið af sér fleiri leikmenn, sem hafa leikið sem atvinnumenn í Evrópu og spilað landsleiki fyrir Íslands hönd. Í gegnum áratugina hefur félagið verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hjá því hafa starfað þjálfarar sem hafa verið duglegir við að innleiða nýja hluti sem hefur sett þá skrefi framur öðrum. ÍA hefur alla tíð verið skipað Skagamönnum að uppistöðu til sem stoltir hafa haldið uppi heiðri félagsins. Félagið hefur þó tekið vel á móti efnilegum knattspyrnumönnum sem hafa komið til Akraness og styrkt liðið. Sumir þeirra hafa orðið lykilmenn í liðinu og hafa jafnvel náð langt í atvinnumennsku erlendis síðar meir.

Hér er lagður grunnur að stefnu Knattspyrnufélag ÍA í þeim tilgangi að efla knattspyrnuna á Akranesi.

Í þessu skjali er að finna stefnu félagsins, markmið fyrir þjálfara, iðkendum, stjórnendum og foreldra og forráðamenn um hvernig þeir starfa innan félagsins.

Knattspyrnufélag ÍA er eitt félag með einni stjórn. Starfið fer fram á tveimur sviðum, uppeldissviði og afrekssviði, með sitt hvorri sviðsstjórn. Uppeldissvið sinnir yngri flokkum með félagsleg og uppeldisleg markmið að leiðarljósi. Afrekssvið sinnir meistaraflokki, 2. og 3. flokki þar áherslurnar eru afreksmiðaðar.

FÉLAGSGILDI

Afburðaárangur ÍA í gegnum áratugina hefur umfram annað byggt á eftirfarandi gildum:

METNAÐUR, sem er sigurvilji, vilji til þess að bæta sig stöðugt, jafnt innan vallar sem utan, skara framúr.

VINNUSEMI, því árangur næst aldrei nema með þrotlausri vinnu og lærdómsfýsn.

PRAUTSEIGJA, sá eiginleiki að gefast aldrei upp þótt á móti blási.

VIRÐING, til hvers annars, utan sem innan vallar, gagnvart þjálfara, meðspilurum og andstæðingum.

AGI, til að fylgja ákvörðunum þjálfara og dómara, sjálfsagi á æfingum og í leik.

Starfið byggir áfram á ofangreindum gildum og viðheldur þannig hugarfari sigurvegarans, einungis þannig mun ÍA verða áfram í fararbroddi íslenskrar knattspyrnu.

KNATTSPYRNULEG MARKMIÐ

- Leikmenn nái tökum á tæknilegum eigileikum, þ.e. öruggt vald á öllum grunntækniatriðum fótoltans, ekki síst sendingatækni og móttaka.
- Iðkendur sýni leikskilning, þ.e. skilning á leikfræði, ákvarðanatöku, færslum inni á vellinum og taktík.
- Heimamenn eru kjarni leikmanna í meistaraflokki félagsins.
- Þjálfarar meistaraflokks eru í fararbroddi hvað varðar þekkingu og reynslu og að þeir miðli þeirri þekkingu til sem flestra innan félagsins.
- Þjálfun og umgjörð ungmennastarfsins er eins og best gerist á Íslandi.
- Félagið hvetur þjálfara félagsins til þess að leita eftir “bestu” þekkingu sem í boði er á hverjum tíma.
- Félagið gerir kröfur um menntun þjálfara eftir aldurflokkum og styður þá til þess að alfa sér menntunar.
- Félagið leggur áherslu á einstaklingsþjálfun, sett eru markmið fyrir hvern einstakling þannig að hámarksárangri sé náð.
- Unnið er í góðri samvinnu við skóla á Akranesi við uppbyggingu á sterkum einstaklingum og öflugum knattspyrnufólki.
- Aðstaða til æfinga og keppni á Akranesi verði eins og best verður á kosið á Íslandi.
- Félagið tekur vel á móti efnilegum knattspyrnumönnum alls staðar af Íslandi og býður upp á góða umgjörð og stuðning við þá.
- Allir leikmenn hafi náð að tileinka sér sem flest grunnatriði fótoltans áður en í meistaraflokk er komið.
- Settar eru fram áherslur/viðmið um það hvaða hæfni er að hafa náð þegar leikmenn ganga upp um aldursflokk. Þessar áherslur/viðmið eru í tækni, leikfræði og líkamsþjálfun.
- Sérstakar áherslur eru lagðar fyrir þjálfun hvers aldursflokks.
- Reglulegt stöðumat er tekið á hæfni hvers leikmanns.
- Áhersla er lögð á leikgleði iðkenda og að þeir hafi gaman að því að spila fótolta.

- Reglulega verða ýmsir þættir í starfi félagsins bornir saman við önnur sambærileg félög og lagt mat á hvar félagið stendur í samanburði við þau. Stefnan skal þá endurskoðuð ef þurfa þykir út frá árangri miðað við sett markmið. Stefnan verður endurskoðuð í heild sinni í eigi síðar en árið 2017.
- Þjálfarar stefna að því að greina snemma efnilega einstaklinga. Hægt er að færa þá milli aldursflokka til að finna þeim verkefni við hæfi og stuðla að framgangi hæfileika þeirra og félagsins.

Grunnmarkmið KFÍA sem öll eru jafnrétt há.:

1. Að búa til hæfileikaríkt knattspyrnufólk fyrir meistaraflokka félagsins, í karla – og kvennaflokki.
2. Að sem flest börn og unglingar æfi knattspyrnu og kjósi það að vera félagsmenn í langan tíma. KFÍA sinnir forvarnarstarfi barna – og unglunga með því að hlúa vel að félagsmönnum sínum með hæfum þjálfurum, góðri umgjörð og æfingaaðstöðu.
3. Iðkendur séu félaginu til sóma hvar sem þeir koma, á æfingum, í keppni, á ferðalögum o.s.frv.

ÞJÁLFUNARLEG MARKMIÐ YNGRI FLOKKA

Knattspyrnufélag ÍA setur sér það markmið að leikmenn félagsins séu að ná sífelldum framförum og að sem flestir leikmenn hafi náð góðum tókum á helstu tækniatriðum knattspyrnunnar þegar upp í meistaraflokk er komið. Fyrir hvern aldursflokk verða sett viðmið um það hvaða hæfni einstaka leikmenn ættu að hafa náð tókum á þegar þeir ganga upp í næsta aldursflokk. Sérstakar áherslur verða lagðar fyrir þjálfun hvers aldursflokks. Reglulega er tekið stöðumat á því hvernig leikmönnum miðar með tilliti til markmiðanna.

Félagið leggur sig fram um að félagsstarfið sé gott og að iðkendur séu ánægðir og hafi gaman að því að spila fótbolta.

Félagið sér til þess að knattspyrnulögin séu kynnt leikmönnum með markvissum hætti frá 7.flokki. Félagið leggur áherslu á markvissa skólasókn iðkenda sinna og þeir séu fyrirmyndir annar við leik og nám. Félagið er með öfluga fræðslu er snýr að forvörnum gegn lyfjamisnotkun.

6 ára og yngri – 8. flokkur

Mikilvægt að allir iðkendur fá verkefni við hæfi og njóti þess að vera á æfingum. Iðkendur á þessum aldri búa yfir mikilli hreyfigetu, krafti og eldmóð. Æfingar þurfa því að vera fjölbreyttar og virkar.

Áhersluatriði í tækni:

Grunntækni, innanfótarspurnur, móttaka knattar, knattrak á ýmsa vegu, gabbhreyfingar, skalla, markskot. Mikilvægt að iðkendur kynnist boltanum og læri að umgangast hann.

Áhersluatriði í leikfræði:

Læra grunnatriði í leiknum t.d. lið hafa sitthvort markið sem á að skora í. Leikmenn liðs eru í eins lit o.s.frv.

Áhersluatriði í líkamsþjálfun:

Almenn hreyfing og reynt að byggja undir og auka hreyfanleika. Áhersla lögð á samhæfni æfingar.

8 ára og yngri – 7. flokkur

Mikilvægt að allir iðkendur fá verkefni við hæfi og njóti þess að vera á æfingum. Iðkendur á þessum aldri búa yfir mikilli hreyfigetu, krafti og eldmóð. Æfingar þurfa því að vera fjölbreyttar og aktívar. Leggja skal áherslu á leik með keppni. Félagsgildin metnaður, vinnusemi, þrautseigja, virðing og agi, mikilvægt að byrja að vinna markvisst með þau. Byrjað að kynna knattspyrnulögin.

Áhersluatriði í tækni:

Grunntækni, innanfótarspurnur, móttaka knattar, knattrak á ýmsa vegu, gabbhreyfingar, skalla, markskot.

Áhersluatriði í leikfræði:

Spil 1:1, 2:2, 3:3, 4:4, leikæfingar með og án markmanns, mikilvægi þess að allir verjist, kenna að spila út frá markmanni.

Áhersluatriði í líkamspjálfun:

Einfaldar teygjur.

8–10 ára – 6. flokkur

Aukin áhersla á tækni. Mikilvægt að allir iðkendur fá verkefni við hæfi og njóti þess að vera á æfingum. Á þessum aldri er byrjað að vinna með Félagsgildin; Metnaður, vinnusemi, þrautsegja, virðing og agi. Markviss kennsla í knattspyrnulögunum. Þjálfari getur fært leikmenn milli flokka.

Áhersluatriði í tækni:

Grunntækni, innanfótaspurnur, ristarspurnur, senda viðstöðulaust, senda fastar sendingar, móttaka knattar á ýmsavegu t.d. með læri og bringu og hvert stýrir þú knettinum við móttöku, knattrak á ýmsa vegu og knattrak með einfaldri gabbhreyfingu, skalla, markskot á ýmsa vegu.

Áhersluatriði í leikfræði:

Mikilvægi þess að allir verjist, leikæfingar 1:1, 2:2, 3:3, 4:4 einnig 2:1, 3:2, hlaupadrill, undirstöðuatriði í liðssamvinnu t.d. dýpt, breidd, opna svæði, hreyfing, pressa boltamann, kenna að spila út frá markmanni.

Áhersluatriði í líkamsþjálfun:

Einfaldar teygjuæfingar, byrja að kenna einfaldar styrktaræfingar t.d. kviðæfingar, armbeygjur, bakæfingar.

11–12 ára – 5. flokkur

Enn er lögð aukin áhersla á tækni þar sem að á þessum aldri eru leikmenn mjög móttækilegir fyrir þjálfun. Mikilvægt að allir iðkendur fá verkefni við hæfi og njóti þess að vera á æfingum. Áframhaldandi kennsla í knattspyrnulögunum. Aukin áhersla er lögð á keppni og árangur í Íslandsmóti.

Á þessum aldri er lögð enn meiri áhersla á að vinna með Félagsgildin; Metnaður, vinnusemi, þrautsegja, virðing og agi.

Þjálfari getur fært leikmenn milli flokka.

Áhersluatriði í tækni:

Grunntækni, innanfótaspyrnur, ristarspyrnur, senda viðstöðulaust, senda fastar sendingar, háar sendingar, móttaka knattar á ýmsavegu t.D. innanfóta, utanfóta, læri og bringu og hvert stýrir þú knettinum við móttöku, móttaka knattar undir pressu, knattrak á ýmsa vegu og knattrak með gabbhreyfingu, skalla með uppstökki, markskot á ýmsa vegu.

Áhersluatriði í leikfræði:

Leikæfingar 1:1, 2:2, 3:3, 4:4 einnig 2:1, 3:2. Kenna að spila út frá markmanni, mikilvægi þess að spila hratt og að allir verjist, undirstöðuatriði í liðssamvinnu t.d. dýpt, breidd, opna svæði, hreyfing, pressa boltamann, áhersla á rétta fótastöðu.

Áhersluatriði í líkamsþjálfun:

Snerpuæfingar, hlaupadrill, byrja fræðslu um hollt mataræði, markvissar teygjuæfingar, styrktaræfingar t.d. kviðæfingar, armbeygjur, bakæfingar, framstig.

13–14 ára – 4. flokkur

Á þessum aldri getur verið mikill munur á andlegum og líkamlegu þroska. Haldið er áfram að leggja áherslu á tækni en aukin áhersla er lögð á líkamsþjálfun og leikfræði. Halda þarf vel utanum leikmenn, andlega og líkamlega með áherslu á heilbriggt líferni.

Leiðtogaþjálfun. Mikilvægt kenna og sjá til þess að allir kunni skil á knattspyrnulögum og reglum. Fræðsla um forvarnir vegna lyfjamisnotkunar hefst. Áhersla er lögð á árangur í Íslandsmóti.

Félagsgildin; Metnaður, vinnusemi, þrautsegja, virðing og agi ættu að koma fram í keppni.

Þjálfari getur fært leikmenn milli flokka.

Afreksþjálfun efnilegra leikmanna hefst við 14 ára aldur.

Áhersluatriði í tækni:

Tækniæfingar, innanfótaspurnur, ristarspurnur, senda viðstöðulaust, háar sendingar, senda fastar sendingar, móttaka knattar á ýmsavegu t.d. með læri og bringu og hvert stýrir þú knettinum við móttöku, móttaka og sendingar knattar undir pressu, knattrak á ýmsa vegu og knattrak með gabbhreyfingu með og án pressu, sköllun á ýmsan hátt, fyrirgjafir, overlapp, halda bolta innan liðs, markskot á ýmsa vegu.

Áhersluatriði í leikfræði:

Leikæfingar 1:1, 2:2, 3:3, 4:4, einnig 2:1, 3:2, kenna að spila út frá markmanni, mikilvægi þess að spila hratt og að allir verjist, undirstöðuatriði í liðssamvinnu t.d. dýpt, breidd, opna svæði, hreyfing, þéttleika liðs, pressa boltamann áhersla á rétta fótastöðu, varnarfærslur liðs án bolta, kenna rangstöðu.

Áhersluatriði í líkamsþjálfun:

Snerpuæfingar, hlaupadrill, grunnþolshlaup. Markvissar teygjuæfingar og styrktaræfingar t.d. kviðæfingar, armbeygjur, bakæfingar, framstig vinna allar styrktaræfingar með eigin líkamspyngd. Markviss fræðsla um hollt mataræði og heilbrigðan lífstíll.

15–16 ára – 3. flokkur

Mikil áhersla er lögð á leikfræði og leikskilning. Tækni viðhaldið og bætt við eins og kostur er. Halda þarf vel utanum leikmenn, andlega og líkamlega með áherslu á heilbrigt lífverni. Leiðtogaþjálfun. Mikilvægt kenna og sjá til þess að allir kunni skil á knattspyrnulögum og reglum. Marviss fræðsla um forvarnir gegn lyfjamisnotkun. Áhersla er lögð á árangur í Íslandsmóti.

Félagsgildin; Metnaður, vinnusemi, þrautsegja, virðing og agi eiga að koma fram í keppni.

Þjálfari getur fært leikmenn milli flokka. Afresmiðuð þjálfun.

Áhersluatriði í tækni:

Tækniæfingar, innanfótaspurnur, ristarspurnur, senda viðstöðulaust, háar sendingar, senda fastar sendingar, móttaka knattar á ýmsavegu t.d. með læri og bringu og hvert stýrir þú knettinum við móttöku, móttaka og sendingar knattar undir pressu, knattrak á ýmsa vegu og knattrak með gabbhreyfingu með og án pressu, sköllun á ýmsan hátt, fyrirgjafir, overlapp, markskot á ýmsa vegu.

Áhersluatriði í leikfræði:

Halda bolta innan liðs, leikæfingar 1:1, 2:2, 3:3, 4:4, 5:5, 6:6 einnig 2:1, 3:2, 4:3, 5:4, 6:4 kenna að spila út frá markmanni, mikilvægi þess að spila hratt og sækja hratt, mikilvægi þess að allir verjist, undirstöðuatriði í liðssamvinnu t.d. dýpt, breidd, opna svæði, hreyfing, pressa boltamann áhersla á að rétta fótastöðu, varnarfærslur liðs án bolta, kenna rangstöðu.

Áhersluatriði í líkamsþjálfun:

Snerpuæfingar, hlaupadrill, grunnþolshlaup og hraðþolshlaup. Markviss fræðsla um hollt mataræði, markvissar teygjuæfingar og styrktaræfingar t.d. kviðæfingar, armbeygjur, bakæfingar, framstig vinna allar styrktaræfingar með eigin líkamsþyngd og byrja að kynna leikmönnum styrktaræfingar með léttar þyngdir í þreksal.

17–19 ára – 2. flokkur

Mikil áhersla er lögð á leikfræði og leikskilning. Tækni viðhaldið og bætt við eins og kostur er. Halda þarf vel utanum leikmenn, andlega og líkamlega með áherslu á heilbrigt lífni. Leiðtogaþjálfun. Mikilvægt kenna og sjá til þess að allir kunni skil á knattspyrnulögum og reglum. Marviss fræðsla um forvarnir gegn lyfjamisnotkun. Mikil áhersla á að eins góður árangur náist í mótum.

Félagsgildin; Metnaður, vinnusemi, þrautsegja, tæknilegir, agi og virðing eiga að koma fram í keppni.

Þjálfari getur fært leikmenn milli flokka. Afreksþjálfun.

Áhersluatriði í tækni:

Tækniæfingar, innanfótaspurnur, ristarspurnur, senda viðstöðulaust, háar sendingar, senda fastar sendingar, móttaka knattar á ýmsa vegu t.d. með læri og bringu og hvert stýrir þú knettinum við móttöku, móttaka og sendingar knattar undir pressu, knattrak á ýmsa vegu og knattrak með gabbhreyfingu með og án pressu, sköllun á ýmsan hátt, fyrirgjafir, overlapp, markskot á ýmsa vegu.

Áhersluatriði í leikfræði:

Leikæfingar 1:1, 3:3, 4:4, 5:5, 6:6 einnig 2:1, 3:2, 4:3, 5:4, 6:4. Spila út frá markmanni eins oft og við getum, mikilvægi þess að spila hratt og sækja hratt, mikilvægi þess að allir verjist, undirstöðuatriði í liðssamvinnu t.d. dýpt, breidd, opna svæði, hreyfing, pressa boltamann áhersla á að standa í réttri fótastöðu, varnarfærslur liðs án bolta, halda bolta innan liðs.

Áhersluatriði í líkamspjálfun:

Snerpuæfingar, hlaupadrill, grunnþolshlaup og hraðþolshlaup. Markviss fræðsla um hollt mataræði, mikilvægi vinnusemi, markvissar teygjuæfingar og styrktaræfingar t.d. kviðæfingar, armbeygjur, bakæfingar, framstig. Styrktaræfingar með þyngdir í þrek sal og vinna markvisst í því.

AFREKSPJÁLFUN

Markmið afreksþjálfunar

Með stofnun afrekshóps KFÍA er stefnt að því að enn fleiri unglingar á Akranesi verði afreksmenn í knattspyrnu. Hópurinn á að hafa hvetjandi áhrif á alla iðkendur hvort sem að þeir komast í hópinn eður ei. Allir eiga kost á því að komast í afrekshópinn með bættri getu, sem fyrst og fremst næst með aukinni iðkun og ástundun.

Afreksfólk skal vera til fyrirmyndir bæði innan vallar sem utan.

Tilgangur Afreksstefnu KFÍA er að ala upp framúrskarandi leikmenn fyrir meistaraflokk IA þannig að meistaraflokkslið félagsins komist aftur og verði ávallt í fremstu röð í íslenskri knattspyrnu.

Afreksþjálfun 14–16 ára

- Afrekshópur KFÍA æfir 1–2svar sinnum í viku frá 6:30–7:30 á morgnana yfir veturinn. Æfingatíminn á sumrin er óákveðinn.
- Þeir sem ákveða í samráði við foreldra sína að vera með þurfa að skrifa undir að gangast undir reglur afrekshópsins. Í þeim felst eftirfarandi:
 - a) Full mæting nema um veikindi sé að ræða.
 - b) Krafa að iðkendur standi sig í skólanum hvað varðar hegðun, ástundun, verkefnaskil.
 - c) Samþykki fyrir því að þjálfarar séu í sambandi við skóla/kennara til að fylgjast með ástundun og frammistöðu iðkenda.d) Þeir/þau sem ekki standast þessar kröfur verður vikið úr afrekshópnum.
- Endurskoðun á vali í hópana fer fram 3 sinnum á ári. Þeir sem ekki eru valdir eiga alltaf möguleika á að bæta sig og komast inn seinna.

Afreksþjálfun 16 ára og eldri

- Afrekshópurinn er myndaður af drengjum og stúlkum 16 ára og eldri.
- Yfirþjálfari KFÍA ásamt afreksnefnd velur 15–20 stráka og 15–20 stelpur sem boðið er að vera í afrekshópi KFÍA.
- Þeim iðkendum sem boðið er að taka þátt í afrekshóp og þiggja það boð gangast undir mætingaskyldu á æfingar samkvæmt tillögum þjálfara.

Mætingaskyldu verður að skrá og fylgjast með og fylgja eftir samkvæmt ákvæðum samnings. Skráning og utanumhald hvílir á herðum þjálfara.

- Afrekshópur gengst undir þær skyldur að stunda aukaæfingar samkvæmt fyrirmælum þjálfara. Þjálfarar fylgjast með aukaæfingum eftir kostum en mælingar verða notaðar til að mæla framfarir.
- Námsástundun er mikilvægur þáttur í afreksstefnu KFÍA. Bein tenging verður á milli námsástundunar og þeirra iðkenda sem skráðir eru í afrekshóp. Ef iðkandi í afrekshóp sinnir ekki mætingu í skóla sem skildi telst það brot á afrekssamning. Iðkandi skal skila einkunnablaði sínu til þjálfara eigi síðar en 5. janúar og 5. júní ár hvert til skoðunar.
- Iðkendur í afrekshóp skulu ef þjálfari óskar svo stunda hádegisæfingar tvisvar í viku yfir sumarmánuðina, júní júl og ágúst. Hádegisæfingar eru frá klukkan 11:00 – 13:00. Með hádegisæfingum gefst færi á að vinna frekar með einstaklinga og aðstoða þá enn frekar. KFÍA mun eins og kostur er aðstoða iðkendur í afrekshóp þannig að þeir mæti skilning hjá sínum atvinnurekanda.
- Þau ungmenni sem veljast í afrekshóp KFÍA gera sér grein fyrir mikilvægi þess að stunda heilbrigt líf og lifa samkvæmt því eins og nokkur kostur er. Til að geta orðið afreksmaður í íþróttum er þessi liður mjög mikilvægur í ferlinu.
- Leikmaður skrifar undir að hann hafi séð og skilið Afreksstefnu og samþykkir að gangast undir þau skilyrði sem þar eru sett. Ef leikmaður er undir 18 ára aldri þá skrifa forráðamenn undir með leikmanninum.

FORELDRASTARF

Mikilvægt er að foreldrar styðji við knattspyrnuíðkun barna sinna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Foreldri þarf að spyrja sig hvernig hann getur stutt við markmið félagsins og þess flokks sem barnið hans æfir með hverju sinni. Margar hendur vinna létt verk og félagið þarf á mörgum sjálfboðaliðum að halda við hin ýmsu verkefni en þar er stærst mót 7. flokks karla sem haldið er á Akranesi. Félagið tekur vel á móti áhugasömum sjálfboðaliðum og þeir eru boðnir velkomnir til starfa. Besti farvegur fyrir sjálfboðaliða er í gegnum foreldraráð hvers flokks.

Eins og fram kemur að ofan er mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í félagsstarfinu. Hins vegar er lögð mikil áhersla á að þjálfari hvers flokks ber ábyrgð á þjálfun flokksins í samvinnu við yfirþjálfara félagsins. Það er ekki hlutverk foreldra að hafa áhrif á starf þjálfarans eða hvernig hann stillir upp liði. Foreldrar eru hinsvegar hvattir til að mæta á foreldrafundi þar sem fara fram umræður um þjálfun og markmið félagsins.

Foreldrar starfa í félaginu með eftirfarandi í huga:

- Þjálfarinn ræður. Börnin þurfa að læra að bera virðingu fyrir þjálfaranum.
- Reynið ekki að hafa áhrif á þjálfarann á meðan leikur er í gangi.
- Þjálfarinn sér um að segja leikmönnum til á meðan leikur fer fram. Ekki “rugla” börnin með misvísandi skilaboðum
- Dómarinn ræður. Börnin þurfa að læra að bera virðingu fyrir dómaranum.
- Ekki gera óraunhæfar kröfur.
- Mætið bæði á leiki og á æfingar, ef kostur er á.
- Hrósið öllum leikmönnum utan og innan vallar.
- Ekki skamma börnin fyrir mistök sem þau gera í leik. Þjálfarinn einn leiðbeinir iðkendum.
- Hvetjið börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs.
- Sýnið starfi félagsins virðingu. Verið virk í starfi félagsins og á foreldrafundum þar sem umræður fara fram um þjálfun og markmið félagsins.
- Gerið ykkur grein fyrir því að það eru börnin ykkar sem eru að keppa, ekki þið.
- Takið þátt í sjálfboðavinnu fyrir félagið, ef þið hafið tækifæri til.

HLUTVERK FORELDRARÁÐA

Knattspyrnufélagi ÍA er ljóst hversu mikilvægt það er starfsemi félagsins að foreldrar taki virkan þátt í félagsstarfi barna sinna. Um leið og sú þátttaka nýtist félaginu vel á ýmsum sviðum er mikilvægt að þessi stuðningur foreldra nýtist iðkendum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Foreldraráð er formlegur vettvangur

Foeldraráð hafa hlutverki að gegna í starfi félagsins. Þau skulu starfa á eftirfarandi máta:

- Við hvert foreldraráð skal vera lágmarki 3ja manna hópur foreldra sem eru tengiliðir við KFÍA og skal hópurinn velja sér talsmann, sem annist helstu samskipti við félagið.
- Allar ferðir, innanlands og utan á vegum félagsins eru skipulagðar af þjálfurum eða framkvæmdastjóra KFÍA í samvinnu við viðkomandi foreldraráð. Æskilegt er að fulltrúi foreldra taki þátt í farastjórn ef þörf er á, undir stjórn þjálfara eða fulltrúa KFÍA.
- Það er eitt af hlutverkum fulltrúa foreldra að koma á framfæri við ritstjóra heimasíðu KFÍA fréttum, upplýsingum og myndum af starfi viðkomandi flokka.
- Við fjáraflanir á vegum foreldraráðs er mikilvægt að leitað sé samþykkis stjórnar uppeldissviðs eða afrekssviðs, sérstaklega ef umrædd fjáröflun er í nafni einstakra flokka KFÍA. Notkun merkis KFÍA á varning eða fatnað er óheimil nema með samþykki aðalstjórnar KFÍA.
- Til að koma í veg fyrir árekstra í fjáröflunum milli flokka, þurfa allar fjáraflanir að fara í gegnum skrifstofu KFÍA. KFÍA stofnar fjáröflunarreikning fyrir hvern flokk þar sem haldið verður utan um hvern flokk. 90% af því sem safnast dreifist á iðkendum en allt að 10% verður eftir vegna umsýslukostnaðar er fellur á KFÍA.
- Knattspyrnufélag ÍA og foreldraráðin vinna sameiginlega að því að þátttaka félagsins í mótum sé ávallt félaginu, foreldrum og iðkendum til sóma.

STARFSLÝSINGAR

Starfslýsing yfirþjálfara

Helstu starfskyldur yfirþjálfara eru:

- Aðalþjálfari meistaraflokks
- Yfirþjálfari yngri flokka félagsins en í því felst m.a.:
 - Tillaga að ráðningum þjálfara yngri flokka.
 - Vinna með stjórn og framkvæmdastjóra félagsins að stefnumótun félagsins og hafa umsjón með að henni sé fylgt eftir af þjálfurum yngri flokka félagsins.
 - Umsjón með afrekshópum félagsins.
 - Umsjón með menntun þjálfara félagsins.
 - Vinni að markmiða setningum hvers flokk fyrir sig í samráði við þjálfara.
 - Haldi fundi með þjálfurum þar sem farið er yfir markmið þjálfunarinnar.
- Önnur vinna með stjórn og framkvæmdastjóra félagsins, t.a.m. við ýmis konar fjáraflanir, koma fram fyrir hönd félagsins, samskipti við helstu stuðningsaðila o.þ.h.

Starfslýsing þjálfara afrekssviðs

Helstu starfskyldur þjálfara á afrekssviði eru:

- Þjálfun viðkomandi flokks í samræmi við stefnumótun félagsins og fyrirmæli yfirþjálfara.
- Samskipti við foreldraráð vegna einstakra verkefna.
- Vinna með stjórn félagsins að útbreiðslu knattspyrnunnar á Akranesi í þeim tilgangi að fjölga iðkendum og auka áhuga núverandi iðkenda
- Starfa með félaginu að fjáröflunum félagsins, þ.á.m. á Skagamót félagsins
- Þjálfurum ber að fylgja sínum flokkum á þau mót sem tekið er þátt í, s.s. gista með þeim á dvalarstöðum, og séu með iðkendum á mótinu.

Starfslýsing þjálfara yngri flokka

Helstu starfskyldur þjálfara yngri flokka eru:

- Þjálfun viðkomandi flokks í samræmi við stefnumótun félagsins og fyrirmæli yfirþjálfara.
- Samskipti við foreldraráð vegna einstakra verkefna.
- Vinna með stjórn félagsins að útbreiðslu knattspyrnunnar á Akranesi í þeim tilgangi að fjölga iðkendum og auka áhuga núverandi iðkenda
- Starfa með félaginu að fjáröflunum félagsins, þ.á.m. á Skagamót félagsins
- Þjálfurum ber að fylgja sínum flokkum á þau mót sem tekið er þátt í, s.s. gista með þeim á dvalarstöðum, og séu með iðkendum á mótinu.

Starfslýsing framkvæmdastjóra

Helstu starfskyldur framkvæmdastjóra eru:

- Ábyrgð á daglegum rekstri, fjárreiðum félagsins í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og gerð fjárhags- og rekstraráætlana.
- Samningagerð og samskipti við styrktraaðila rekstrarfélagsins.
- Vinna að mótun verklagsreglna fyrir starfsemi félagsins ásamt stjórnnum afrekssviðs og uppeldissviðs í samvinnu við aðalstjórn og sér til þess að þeim reglum sé fylgt til að tryggja farsælt starf félagsins.
- Ráðning þjálfara félagsins skv. ákvörðun aðalstjórn félagsins og deilda/sviða og er yfirmaður þeirra í daglegum rekstri. Hann ber ábyrgð á því að annað starfsfólk félagsins og þjálfarar uppfylli þau skilyrði og kröfur sem gerðar eru til starfanna. Framkvæmdastjóri fylgjist með árangri starfsfólks og leikmanna allra flokka og kemur með ábendingar um það sem betur má fara og umbunar ef vel er gert.
- Öflun fjár hjá stuðningsaðilum svo sem með söfnun auglýsinga, sölu ársmiða, umsjón með getraunastarfsemi, innheimta tekna samkvæmt samningum og vilyrðum stuðningsaðila.
- Framkvæmd og yfirumsjón heimaleikja flokka félagsins í samræmi við þær reglur sem um það gilda.
- Framkvæmd atriða sem varða ferðalög, búnað, sjúkraþjálfun o.fl.

- Umsjón með þeim atriðum sem varða umgjörð Jaðarsbakkavallar svo sem uppsetning auglýsingaskilta, fána o.fl.
- Frágangur skjala og gagna varðandi leyfiskerfi KSÍ, samskipti við KSÍ varðandi ýmis reglugerðarákvæði s.s. vegna keppnisleyfa, leikbanna leikmanna o. fl.
- Undirbúningur viðburða á vegum félagsins s.s. vegna styrktaraðila, stuðningsmanna, Herrakvölds, Konukvölds, Skagamóts, uppskeruhátíðar o.fl.
- Varsla og flokkun skjala, samninga og gagna sem tilheyra félaginu.

Starfslýsing skrifstofumanns

Helstu starfskyldur skrifstofumanns eru:

- Vinna á auglýstum opnunartíma skrifstofu KFÍA.
- Halda utan um skráningu og innheimtu á æfingar- og félagsgjöldum KFÍA.
- Umsjónaraðili KFÍA gagnvart verkstjórum Skagamótsins og skal starfsmaður starf á mótinu sjálfu.
- Hafa yfirumsjón með bókhaldi KFÍA og færa það minnst 2 sinnum í mánuði.
- Öflun fjár hjá stuðningsaðilum svo sem með söfnun auglýsinga og sölu ársmiða.
- Aðstoð við framkvæmd og umsjón heimaleikja flokka félagsins í samræmi við þær reglur sem um það gilda.
- Aðstoð við frágang skjala og gagna varðandi leyfiskerfi KSÍ, samskipti við KSÍ varðandi ýmis reglugerðarákvæði s.s. vegna keppnisleyfa, leikbanna leikmanna o. fl.
- Undirbúningur viðburða á vegum félagsins s.s. vegna styrktaraðila, stuðningsmanna, Herrakvölds, Konukvölds, Skagamóts, uppskeruhátíðar o.fl.
- Varsla og flokkun skjala, samninga og gagna sem tilheyra félaginu